

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

8. desember 2025
202511-0062/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun - Framleiðsluaukning seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk - 1535/2025 Skipulagsstofnun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna matsáætlunar fyrir framleiðsluaukningu seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin felur í sér að auka ársframleiðslu laxaseiða í seiðaeldisstöðinni að Öxnalæk úr um 100 tonnum (heimiluðum) í allt að 250 tonn á ári, án þess að breyta hámarks lífmassa (100 tonn). Fyrirtækið hyggst ekki ráðast í mannvirkjagerð nema endurnýjun og stækkun á tromlusíu. Í matsáætluninni segir að aðeins verði metinn einn valkostur – 100 tonna hámarks lífmassi og 250 tonna framleiðsla – þar sem talið sé óraunhæft að bera fyrirhugaða vinnslu saman við aðra valkosti vegna þess að rekstur stöðvarinnar breytist lítið.

Náttúruverndarstofnun bendir á að varðandi eðli framkvæmdar þá mun hún hafa samlegð með öðrum framkvæmdum en Varmá hefur verið undir álagi vegna fráveitu og framkvæmdin mun valda aukinni mengun og úrgangi. Varðandi staðsetningu þá getur reksturinn hafa áhrif á vatn og líffræðilega fjölbreytni, svæði á náttúruminjaskrá og tegundir sem eru ábyrgðartegundir og eru á valista.

Valkostir

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að í umhverfismati verði skoðaðir raunhæfir valkostir, þar á meðal núllkostur og aðrir mögulegir valkostir. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að í umhverfismatsskýrslunni verði sett fram greinargóður samanburður á mögulegum valkostum — til dæmis óbreytt framleiðslustig, minni aukningu eða öðrum útfærslum — ásamt skýrum rökum fyrir því hvaða valkostur er talinn bestur út frá umhverfissjónarmiðum. Slíkur samanburður er nauðsynlegur að mati stofnunarinnar til að tryggja að mat á áhrifum framkvæmdarinnar verði heildstætt og að stjórnvöld og leyfisveitendur hafi raunhæfa valkosti til ákvörðunartöku.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið liggur innan verndarsvæðið Varmá og Ölfusforir, sem eru skráð á náttúruminjaskrá vegna mikils vistfræðilegs, líffræðilegs og vísindalegs gildis. Svæðið nær yfir vatnakerfi Varmár, votlendisfláka og ósar við Ölfusá og hefur hátt verndargildi vegna fjölbreyttra vistgerða, ríkulegs botnlífs og mikilvægs fuglalífs.

Breytingar á vatnsgæðum og lífrænu álagi geta því haft áhrif ekki aðeins á náttúrulegt ástand árinna heldur einnig á það vísindalega gildi sem skráningin verndar.

Bæði Skipulagsstofnun og Hafrannsóknastofnun benda á að Varmá sé þegar undir álagi vegna mengunar og ófullnægjandi fráveitubúnaðar.¹ Þar af leiðandi er hætta á að frekari aukning næringarefna og lífræns álags geti haft áhrif á vistgerðir, botnlíf og fuglalíf sem eru lykilþættir verndargildis svæðisins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því nauðsynlegt að umhverfismatið taki sérstaklega til áhrifa framkvæmdarinnar á Varmá og Ölfusforir, þar á meðal á vatnsgæði, votlendisvistgerðir, fuglalíf og það vísindalega gildi sem skráning náttúruminjaskrár verndar. Meta þarf hvort stækkun seiðaeiddisstöðvarinnar geti rýrt náttúrulega eiginleika svæðisins eða draga úr rannsókn- og verndargildi þess.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að áhrif fiskeldis nær ekki einungis til rasks vegna byggingaframkvæmda heldur helst vegna þeirrar mengunar sem frá henni berst á starfstíma eldisins.

Í álit Skipulagsstofnunar og umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að Varmá sé viðkvæmur viðtaki þar sem fyrir er verulegt álag vegna mengunar, skólpamála og uppbyggingar fiskeldis á vatnasvæðinu.

Fjölmargir fuglar nýta Varmá, grunnsvæði við ós og nærliggjandi votlendi sem fæðusvæði. Þar sem fuglar bregðast hratt við breytingum á vatnsgæðum og fæðuframboði er ljóst að aukin losun næringarefna og lífræns álags, ásamt þeim samlegðaráhrifum sem Skipulagsstofnun og Hafrannsóknastofnun benda á, getur haft áhrif á búsvæði og viðveru fugla. Á sama tíma benda gögn til þess að villtur fiskur safnist að útrás stöðvarinnar, sem getur einnig dregið að fugla sem hafa ekki verið að nýta svæðið áður og skapað óæskilegt álag við frárennsli.

Að mati Náttúruverndarstofnunar styðja niðurstöður bæði Skipulagsstofnunar og Hafrannsóknastofnunar að áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf verði gerð ítarleg skil í umhverfismati. Meta þarf hvernig breytingar á vatnsgæðum og botnlífi gætu haft áhrif á fæðuöflun fugla, nýtingu votlendis og viðveru fugla á svæðinu. Slíkur þáttur er nauðsynlegur hluti af heildstæðu mati á áhrifum framkvæmdarinnar.²

Í ljósi þess að eftirlitsskýrsla Umhverfis- og orkustofnunar sýnir frávik í frárennsli og fosfór-/ammóníakmengun er nauðsynlegt að meta sérstaklega hvort sú þróun geti haft áhrif á

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-792-R>

² <https://island.is/s/skipulagsstofnun/gagnagrunnur-umhverfismats/staekkun-a-seidaeldisstod-first-water-ad-oexnalaek-hveragerdisbae-22-4-2025>

fæðusvæði fugla og lífríki á svæði sem er á náttúruvinjaskrá.³ Þá þarf að leggja mat á möguleg samlegðaráhrif, svo sem uppsöfnun næringarefna og áhrif á fjölbreytileika fuglalífs á svæðinu. Þó að vöktun í starfsleyfi vaktar ekki beint fjölda fugla, þéttleika og varpárangur, gefa niðurstöðurnar mikilvægar vísbendingar um það hvernig fuglalíf á svæðinu gæti orðið fyrir áhrifum.

Náttúruverndarstofnun leggur til að fuglalíf verði metið sem sérstakur umhverfispáttur. Mat þarf að fela í sér:

- Grunnástand fugla á svæðinu
- Metin áhrif fráveitu og auknu álagi á búsvæði og fæðusvæði fugla
- Mögulegar mótvægisáðgerðir til að vernda fugla, t.d. tímasetning framkvæmda við endurnýjun búnaðar utan varptíma, skjólbeltar eða lágmörkun ljósmengunar.
- Aðrar mótvægisáðgerðir framkvæmdarinnar – að fuglafætur haldi fuglum í skefjum frá fráveitu, en valdi ekki neikvæðum áhrifum á fuglalíf almennt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur

³ https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Mengandi--starfsemi/FirstWater_Eftirlit_med_fravikum.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 12. desember 2025

Tilvísun: 2511712

Umsögn Matvælastofnunar um matsáætlun First Water hf. um fyrirhugaða breytingu á seiðaeldisstöð að Öxnalæk.

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar, dagsett 17. nóvember 2025, um umsögn Matvælastofnunar vegna matsáætlunar First Water hf. um breytingu á seiðaeldisstöð að Öxnalæk.

Starfsemin er háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar sem gefur út rekstrarleyfi til fiskeldi og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með velferð og fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

First Water hf. hyggst auka framleiðslu seiðaeldis í stöð sinni að Öxnalæk en breyting sem kynnt er fjallar aðallega um stækkun á hrognaaðstöðu og hrognamóttöku stöðvarinnar. Einnig er fjallað um að samræma heimildir sem felast í rekstrarleyfi annars vegar og starfsleyfi hins vegar. Núverandi rekstrarleyfi heimilar allt að 100 tonna hámarkslífmassa en starfsleyfið er eingögnu gefið upp fyrir 100 tonna framleiðslu. Rekstraraðili hefur þegar heimild fyrir 100 tonna hámarkslífmassa í rekstrarleyfi og því telur Matvælastofnun, að breytingin hafi ekki ekki í för með sér að breyta þurfi skilmálum í rekstrarleyfi.

Matvælastofnun veitti umsögn vegna ákvörðunar um matsskyldu þann 29. janúar 2025. Stofnunin taldi ekki þörf á að breytingin þyrfti í mat á umhverfisáhrifum enda er rekstrarleyfið nú þegar fyrir 100 tonna lífmassa.

Matvælastofnun telur að framkvæmdinni sé lýst nægjanlega vel og gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim og telur að góð grein sé gerð fyrir fiskheldni stöðvarinnar í matsáætlun.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Steinar Rafn Beck Baldursson
Fagsviðsstjóri leyfamála

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði 15.12.2025
Mál 2025-11-0558

Tilvísun: Matsáætlun vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar að Öxnalæk, Hveragerðisbæ.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 17.11.2025 þar sem óskað er umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar fyrir framleiðsluaukningu seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk.

Framkvæmdin

Fyrirhugað er að auka framleiðslu stöðvarinnar og samræma rekstrar- og starfsleyfi svo bæði leyfi segi til um 100 t. hámarkslífmassa á hverjum tíma. Við 100 t hámarkslífmassa verður 1,5 földun á fiskframleiðslu í stöðinni eða úr 100 t í 250 t.

Áherslur

Í umsögn um matskyldu benti Hafrannsóknastofnun á að með aukinni framleiðslu myndi lífrænt álag á viðtakann sem er Varmá aukast og vísast efnislega til þeirra athugasemda hér.

Varmá er þegar undir miklu álagi frá fráveitum af ýmsum toga. Aukin framleiðsla að Öxnalæk eykur væntanlega enn á núverandi álag á lífríki árinna og hefur mögulega áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Í mati þarf að taka tillit til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem getur haft áhrif á vatnsgæði árinna. Hafrannsóknastofnun bendir á að samfara mati á umhverfisáhrifum verði gert áhrifamat á líffræðilega gæðapætti sem og eðlisefnafræðilega gæðapætti viðtakans samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar sem gerðar hafa verið vegna laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Hafrannsóknastofnun hefur ekki með leyfisveitingar vegna framkvæmdarinnar að gera.



Guðni Guðbergsson
Sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 17. desember 2025
Tilv. 2025-11-17-1901/2.4.1

Efni: Varðar matsáætlun vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk, nr. 1535/2025

Með erindi úr Skipulagsgátt leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi matsáætlun vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk, nr. 1535/2025.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í skýrslunni kemur fram að affallið í stöðinni verði búin seiðagildrum sem staðsettar verði á mismunandi stöðum í stöðinni. Þrjár gildirur séu til staðar og er hver gildra sniðin að þeirri stærð seiða sem um hana geta farið. Gildrunar eru gerðar út gataplötum með annars vegar 3 mm götum og hins vegar 5 mm götum. Að lokum rennur affallsvatn í gegnum tromlusíu sem bæði síar fastar fóður- og seyruagnir ásamt því að hindra för seiða út í viðtakann. Því telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 15. desember 2025, er bent á að Varmá er nú þegar undir miklu álagi og muni lífrænt álag aukast með aukinni framleiðslu í seiðaeldisstöð við Öxnalæk. Bent er á að framleiðsluaukningin sé háð því að get verði mat á mögulegum áhrifum á vatnsgæði, sbr lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fiskistofa tekur undir það sjónarmið og nauðsyn þess að gert verði áhrifamat á vatnsgæði.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætta á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

15. desember 2025
UOS2511136/A.P.
13.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda – Matsáætlun – Framleiðsluaukning seiðaeldisstöðvar First Water hf. við Öxnalæk

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

First Water hf. (hér eftir nefnt rekstararaðili) hefur starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun til að framleiða allt að 100 tonn af laxa- og bleikjuseiðum á ári. Rekstrarleyfi stöðvarinnar sem er útgefið af Matvælastofnun er fyrir að hámarki 100 tonna lífmassa á hverjum tíma. Breytingin sem er til umfjöllunar í þessari matsáætlun snýr að því að sækja um breytingu á starfsleyfi svo það heimili einnig 100 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Þá er áætluð framleiðslugeta allt að 250 tonn á ári svo um er að ræða 2,5 földun á framleiðslu miðað við núgildandi starfsleyfi.

Hrognamóttakan var stækkuð sumarið 2025 með því að bæta við þremur framleiðslugámum en til að auka framleiðslugetu þarf að auki að stækka núverandi tromlusíu svo hún anní öllu frárennsli frá stöðinni. Ekki er gert ráð fyrir öðrum verklegum framkvæmdum. Vatnsnotkun verður óbreytt.

Leyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að breytingar á starfseminni eru háðar breytingu eða endurskoðun á starfsleyfi útgefnu af stofnuninni skv. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. einnig 2. tl. viðauka II við lögin. Vatnstakan er jafnframt háð nýtingarleyfi stofnunarinnar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Áhrif á vatn

Í matsáætluninni kemur fram að álag sé á ánni Varmá m.a. vegna frárennslis frá sundlauginni í Hveragerði og vegna þess að skólpestöð bæjarins anní ekki rennslinu sem berst til hennar. Fyrirhugað er að vinna mat á líklegum áhrifum framleiðsluaukningarinnar á viðtakann, vatnshlotið Varmá. Þá er ætlunin að fjalla um núverandi álag og líkleg samlegðaráhrif.

Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt og nauðsynlegt að mat á áhrifum á vatnshlotið verði unnið vel og bendir á [leiðbeiningar](#) sem stofnunin hefur gefið út. Mikilvægt er að fjalla um áhrifin í samhengi við núverandi álag en Varmá var sérstaklega valin til vöktunar í fyrsta vatnahring Íslands þar sem talið var að áin væri undir álagi vegna skólps. Stofnunin telur jákvætt að hreinsun verði bætt en efnalosun hefur verið yfir mörkum í eftirliti með starfsemiinni og hefur það verið skráð sem frávik frá starfsleyfi First Water hf. hjá stofnuninni.

Ákveðið ósamræmi er í umfjöllun um vatnsnýtingu. Í kafla 3.10 kemur fram að ekki sé til staðar vatnsnýtingarleyfi fyrir aukinni vatnstöku en að sótt verði um leyfi til Umhverfis- og orkustofnunar áður en til stækkunar kemur. Í kafla 4.4.5 kemur hins vegar fram að rekstraraðili telji ekki þörf á að fjalla frekar um vatnstöku í umhverfismatsskýrslu þar sem ekki sé fyrirhugað að auka vatnstöku.

Fram kemur að meðalupptaka úr vatnsbólum hafi verið 150 l/s undanfarin tvö ár. Umhverfis- og orkustofnun ítrekar að vatnstaka er háð nýtingarleyfi stofnunarinnar og því mikilvægt að sótt verði um slíkt leyfi.

Úrgangur

Umhverfis- og orkustofnun telur afar jákvætt að núverandi tromluþró og tromlusíu stöðvarinnar verði skipt út og stækkuð. Þá kemur fram að fiskiseyran sem síuð er frá með tromlusíu verði safnað í lokaðan tank sem verði tæmdur á 6-8 mánaða fresti. Stofnunin telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði greint nánar frá því hvað verði gert við fiskiseyruna þar sem úrgangur frá starfsemiinni mun aukast við framleiðsluaukninguna. Stofnunin mun óska eftir áætlun um meðhöndlun úrgangs þegar sótt verður um breytingu á starfsleyfi og telur mikinn ávinning vera falinn í því að lágmarka og endurnýta fiskiseyruna en það er í samræmi við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum¹ þar sem eitt meginmarkmiðið er að hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Skipulag

Fram kemur að aðalskipulag fyrir Hveragerðisbæ tiltaki sérstaklega hámarksframleiðslu en ekki hámarkslífmassa og því þurfi að uppfæra lýsingu í gildandi aðalskipulagi. Umhverfis- og orkustofnun tekur undir það og bendir á að stofnunin getur aðeins heimilað breytingu á starfsleyfi sé hún í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Niðurstaða

Í matsáætluninni kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á umhverfispættina viðtaka og lífríki í viðtaka og stök og erfðablöndun. Ekki er talin þörf á að meta áhrif á fuglalíf, gróðurfar, jarðmyndanir, landslag og ásynd, fornminjar, vatnstöku og lykt.

¹ [Í átt að hringrásarhagkerfi](#)

Umhverfis- og orkustofnun telur að fjalla ætti um vatnstökuna og áhrif hennar á vatn ef ætlunin er að auka vatnstöku. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem fyrirhugað er að fjalla nánar um í umhverfismatsskýrslu. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við hvernig rekstraraðili hyggst vinna umhverfismat framkvæmdarinnar en ítrekar mikilvægi þess að gerð sé ítarleg grein fyrir losun frá starfseminni og áhrifum á vatnshlotið Varmá.

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 10. desember 2025
2512048HS RS

Efni: Framleiðsluaukning seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk - umsögn um kynningu matsáætlunar

Þann 17. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðrar aukningar á framleiðslu seiðaeldisstöðvar First Water að Öxnalæk við Hveragerði.

First Water hf. sem rekur seiðaeldisstöð við Öxnalæk í Hveragerði fyrirhugar að auka framleiðslu sína þannig að hámarks lífmassi á hverjum tíma verði 100 tonn og að ársframleiðsla verði um 250 tonn. Til að auka framleiðslugetu stöðvarinnar verður mengunarvarnarbúnaður á frárennsli stöðvarinnar bættur og ráðgert er að vatnsnotkun hennar verði óbreytt með bættri vatnsnýtingu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka. Embættið telur að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfispáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ekki með höndum leyfisveitingar vegna fiskeldisstöðva.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Umsögn

Skipulagsstofnun

Borgartún 7

105 Reykjavík

27. nóvember 2025

Framleiðsluaukning seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk – matsáætlun. Umsögn Hveragerðisbæjar.

Skipulagsstofnun hefur beðið ýmsa aðila að skila inn umsögn vegna matsáætlun vegna framleiðsluaukningar seiðaeldisstöðvar.

Undirrituð hafa kynnt sér meðfylgjandi matsáætlun og gera ekki athugasemdir við áætlunina.

Starfsemi seiðaeldisstöðvar á Öxnalæk er í samræmi við landnotkun gildandi aðalskipulags. Er þar miðað við 100 tonna framleiðslu á ári og mun því framleiðsluaukning ekki rúmast innan gildandi aðalskipulags. Hins vegar er unnið að gerð nýs aðalskipulags sem brátt verður auglýst. Þar hefur skilmálum um seiðaeldið verið breytt svo að ekki gæti lengur misræmis á milli heimilaðs magns framleiðslu og lífmassa, sjá neðangreint:

I2 Öxnalækur	1,1	Við Öxnalæk er starfrækt framleiðsla á laxa- og bleikjuseiðum, til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar.	Starfsleyfisskylt fiskeldi. Stækkun svæðis og aukin framleiðsla er háð leyfi bæjaryfirvalda, rannsóknum á vatnsöflun og fráveitumálum í tengslum við fiskeldið.
------------------------	-----	--	---

Hveragerðisbær undirstrikar mikilvægi þess áætlunum um vöktun Varmár verði fylgt eftir.

Virðingarfyllst,

Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. desember 2025

Málsnúmer: 202511-0036

BK/AEP

Efni: Framleiðsluaukning seiðaeldisstöðvar við Öxnalæk – Matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 17. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna framleiðsluaukningar seiðaeldisstöðvar First Water við Öxnalæk sunnan Hveragerðis.

Samkvæmt núgildandi starfsleyfi frá Umhverfistofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun) er heimilt að framleiða allt að 100 tonn af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Rekstrarleyfi stöðvarinnar, sem útgefið er af Matvælastofnun, heimilar 100 tonna standandi hámarks lífmassa. Hámarkslífmassi á hverjum tíma upp á 100 tonn þýðir ársframleiðslu sem er vel umfram þau 100 tonn sem heimiluð eru í starfsleyfi Umhverfistofnunar. Til stendur að samræma rekstrar- og starfsleyfi stöðvarinnar svo bæði leyfi segi til um 100 tonna hámarks lífmassa á hverjum tíma. Í framhaldi er fyrirhugað að auka framleiðslu stöðvarinnar, sem þó verður innan marka núgildandi rekstrarleyfis. Til þess að auka framleiðslugetu stöðvarinnar telur félagið að einungis þurfi að stækka núverandi tromlusíu svo hún anní öllu frárennsli frá stöðinni. Hrognamóttaka var jafnframt stækkuð sumarið 2025 með því að bæta við þremur framleiðslugámum. Vatnsnotkun stöðvarinnar verður áfram óbreytt.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Líkt og fram kemur í matsáætluninni, þá er mikið álag á vatnshlotið *Varmá* en auk fráveitu frá eldisstöðinni, tekur áin við fráveitu frá Hveragerði. Þá hafa orðið mengunarslys þegar klór hefur farið út í ána frá sundlaug bæjarins.

Því er jákvætt að til standi að gera grein fyrir núverandi álagi á *Varmá* og líklegum samlegðaráhrifum en mikilvægt er að ástand árinna versni ekki.

Varmá er vetrardvalarsvæði fugla en hundruðir andfugla, t.d. stökkendur, urtendur, rauðhöfðaendur, gulendur og grágæsir nýta svæðið að vetri. Í þennan mikla fjölda sækja fálkar, sem oft má sjá þarna á veiðum, auk þess sem gráhegrar eru árvissir gestir. Vegna mikilvægis *Varmár* fyrir fuglalíf telur Náttúrufræðistofnun að gera þurfi grein fyrir mögulegum áhrifum framleiðsluaukningarinnar á fugla.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur